

## LÖG

### um breyting á lögum um endurskoðendur, nr. 18/1997, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Endurskoðunarfyrtæki skal tryggja að nöfn og heimilisföng félagsmanna eða hluthafa fyrirtækisins séu aðgengileg almenningi.

2. gr.

Lög þessi eru sett með hliðsjón af tilskipun 84/253/EBE um löggildingu einstaklinga sem falið er að annast löggilta endurskoðun bókhaldsgagna og öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 18. mars 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Geir H. Haarde.*